

FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

136. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings haldinn miðvikudaginn 2. desember 2015 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, aðalmaður, Matthildur Hjálmarsdóttir, aðalmaður, Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður, Þórarinn Óli Rafnsson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Formaður setti fund.

Dagskrá:

1. Guðmundur Sigurðsson hjá Vegagerðinni mætir á fundinn til að ræða stöðu á viðhaldi girðinga.
2. Vetrarveiði á ref - umsóknir.
3. Skráning á búfé
4. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. **Guðmundur Sigurðsson hjá Vegagerðinni mætir á fundinn til að ræða stöðu á viðhaldi veggirðinga meðfram þjóðvegi.**

Guðmundur segir að fullur vilji sé til að standa við samninga en að hluti vandans er að óljóst sé hvaða fjármunir Vegagerðin hefur til viðhalds á hverjum tíma. Varðandi nýgirðingar og ristarlið þá eru aðeins um 15 milljónir á ári til ráðstöfunar til nýgirðinga og ristarliða á öllu norðvestursvæði Vegagerðarinnar, frá og með Húnaþingi vestra og til og með Langanesbyggð. Hver nýr kílómetri í nýgirðingum kostar á bilinu 900þ. – 1.200þ. og því ljóst að þar er ekki mikið svigrúm.

2. **Vetrarveiði á ref - umsóknir.** Fram lagðar umsóknir frá aðilum er vilja stunda vetrarveiðar á ref í Húnaþingi vestra til 15. apríl nk. Umsóknir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Tómas Gunnar Sæmundson

Konráð P. Jónsson

Guðmundur Pálsson

Ingi Valur Þorgeirsson

Hannes G. Hilmarsson

Landbúnaðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að gera samninga við eftirtalda umsækjendur að uppfylltum skilyrðum sem koma fram í auglýsingu um vetrarveiði á ref: Tómas Gunnar Sæmundsson veiði austan Hrútafjarðar, Hannes G. Hilmarsson veiði vestan Hrútafjarðar, Guðmundur Pálsson veiði í landi Stórhóls í Línakradal og Konráð P. Jónsson veiði í Vesturhópi. Samningarnir gildi til 15. apríl nk. Samningshafar skuli hafa skilað inn skottum og reikningum í síðasta lagi 25. apríl 2016. Ákveðið að hafa sama fyrirkomulag og í fyrra eða 8.000 kr. fyrir hvern ref. Greitt verður að hámarki fyrir 17 dýr á hverju svæði.

3. **Skráning á búfé.** Nokkur umræða hefur verið meðal fjallskilastjórna um greiðslur fyrir fjallskil og skráningu á búfé. Samkvæmt upplýsingum frá Einari Kára Magnússyni hjá MAST þá er búfé ekki talið nema óskað sé eftir því.

4. **Önnur mál.**

a. **Hundahreinsun í dreifbýli.** Landbúnaðarráð beinir því til sveitarstjórnar að auglýsa skyldur hundaeigenda til að láta ormahreinsa hunda sína einu sinni á ári sbr. reglugerð nr. 941/2002.

Næsti fundur landbúnaðarráðs verður miðvikudaginn 6. janúar kl 13:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:03

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Þórarinn Óli Rafnsson

Sigríður Ólafsdóttir

Matthildur Hjálmarsdóttir

Guðný Hrund karlsdóttir